

Um visindi.

Maður nokkur, sem þóttist vera vel meint-
aður, sagði einu sinni að ekki ætti að leggja
rækt við nein önnur vísindi en vélafraði og
verkvísindi; hin mættu vel missa sig. Í þess-
um orðum lísti sér það einkenni heimskunnar,
að gefa ekki gætur að sambandi hlutanna.

En hugsunarháttur sá sem orð þessi voru
sprottin af er als ekki óalgengur, sérstaklega
hjá greindarmönnum, sem hafa tekið eitthvað
það firir, sem er arðvænlegt firir sjálfa þá,
og með sjálfum sér eru hreiknir af því,
að hafa valið það sem þeir higgja hið betra
hlutskiftið. Verkvísindi fá að njóta saunmæl-
is hjá þeim, af því að þau hafa fengið þeim í
hendur góðar hrifur til að raka saman fé, og
læknisfraðin líka, því að það er gott að geta
fengið viðgerð á sér ef á þarf að halda; en
önnur vísindi eru varla annað en timaspillir
og heimska.

Dessi hugsunarháttur er ekki ögu vitur-
legri en mundi sá, að ætla sér að fá ávegsti
án ávagstatrijá. Þó að epli séu æt, þá eru
hvorki rætur, stofnar né blöð af eplatrjánum
það, en án eplatrjána væru engin epli. Al-
veg eins er um vísindin. Þeir ávegstir vís-
indanna, er beinlinis séu gagnlegir firir manni-
lifið, verða að spretta upp af raunsóknum sem i
firstu virðast als þiðingarlausar firir líf manna,
og heilt æfistaraf visindamanns og jafnvel
margra, sem hver tekur við af öðrum getur
virst alveg út i bláinn og verið þó rætur og
stofn að ávögustum sem allir sjá að eru girni-
legir til fróðleiks.

Vísindin eru tilraunir mannsandans til að
áttu sig á heiminum og sjálfum sér. Að
vilja ekki hirða um þau vísindi, sem ekki þá
þegar gefa eitthvað í maganu væri líkt eins
og menn teldu það einskisvirði, þegar þeir
ætluðu að ferðast, að vita í hvaða átt halda
skildi, af því að það eitt, að vita um stefnuna
væri ekki nóg til að koma þeim staða á milli.

Það væri auðvelt að rita heila bók fulla
af dænum, er sina hvernig ávegstir, er manni-
félagið virðist nú ekki geta án verið, hafa
sprottið upp af því, sem i upphafi leit ekki
út firir að vera annað en marklaus hnissni
gáfaðra sérvitrunga. Og þó er helst útlit fir-
ir, að i reit vísindanna sé fæst það, sem
gróðursett hefur verið, enn þá farið að
blómgast og bera ávögst; þar er ákaflega
margt, sem varla er annað en rótin ennþá.

Bakteríufræðin er ein sú grein vísindanna
sem mest beinlinis áhrif hefur á manulifið;
hún hefur alveg umturnað læknisfræðinni og
mörgum iðnaðargreinum. Þó var L. Pasteur
hvorki læknir né verkfræðingur og bakteríu-
fræðin spratt upp af raunsóknum sem virt-
ust als ekki „praktískar“.

Mörgum þikir undarlegt athæfi þeirra
manna, sem leggja stund á að skoða orma
og ims önnur smákvikindi, sem teljast undir
þann afar viðtæka flokk alþjólegrar dirafræði
er nefnist „ljót dir“. En án slikra ran-
sókna hefðu dirafræðingarnir ekki fundið
sullaveikisbaudorminn og mega þó ekki sist
imsir Íslendingar sanna, að þekkingiu á æfi-
ferli þeirrar skepu er ekki als þiðingarlaus.

Skritið er líka, að án þekkingar á imsum
misflugum heilðu verið óhugsandi varnir gegn
sjúkdómum eins og malaria (mírasótt) og hinni
hrillilegu hitagulu (gul Feber).

En eftirtektarvert er það, að einmitt þeir
vísindamenn, sem mestu hafa ar kastað í
þarfir manukinsins, hafa ekki haft gagnsemi-
na firir augum í raunsóknum sínum, heldur
það eitt, að bæta og auka við þekkingu sína
og mannikusins. Svo er t. a. m. um hinn
fræga Faraday; starf hans er annara fremur
undirstaðan undir rálmagnsfræði nútímans,
en sjálfur hugsaði hann ekki upp eina ein-
stu verkvél.

EKKI skilji menn framanrituð orð á þá
leið, að engin geti neitt þarfara unnið en að
leggja stund á vísindi. Það ættu engir að
gera aðrir en þeir, sem sérstaklega eru til
þess fallnir. Og auk þess eiga hvergi við
fremur eu í voru fámenna þjóðfélagi orð
skáldsins (Björnsons):

Hvad du ævner kast av

I de nærmeste krav.

En þótt fáir séum, viljum vér láta telja oss
menningaráþjóð, og auk annars, þá stiðja góðir
vísindamenn að því, að mentaþjóðirnar
telja ess ekki agjörlega skraelingja. Það
væri ekki heldur von á miklum framförum
hjá þjóð, sem t. a. m. bigði eins afarmerki-
legt land og vér, og léti útlendinga eina hafa
firir því að ranusaka það. Engir verja eins
miklu fé til að láta ranusaka land sitt á
allar lundir eins og einmitt „Jenkiarnir“, sem
þikja öllum öðrum þjóðum hagsinni,

Jeg skal nú minnast á eithvað það, sem gert hefur verið á síðari árum til að auka þekkingu á landi voru, díralifi þess og jurtagróðri. Verður það að vera mjög stuttleitt því að nákvæm skírsla um þau efni á ekki heima í jafn litlu blaði og Ingólfur er:

Mag. Ben. Gröndal hefur sent timaritinu „Omis“ er kemur út í Parisarborg ritgerðir um íslenska fugla. Gröndal er einnig að búa til mindasafn af íslenskum dírum.

Próf. Þorv. Thoroddsen hefur fírir skömmu gefið út jarðfræðisupprátt Íslands; er það mikið verk og fróðlegt; próf. Þorv. mun ennfremur hafa í smiðum rit, sem á að skíra uppdráttinum, og verður ekki vel um hann dæmt fir en það rit er komið út.

St. Stefánsson kennari og alþ.m. hefur einnig í „Flóru“ sinni komið í eina heild árangrinum af margra ára rannsóknum. Er það hið nitsamasta verk að greiða mönnum svo götuna að þekkingu á jurtagróðri landsins eins og þar er gert; er það ekki Stefáni að kenna, ef upp frá þessu er nokkur sá námfus og greindur íslenskur unglingsur, sem þekkir ekki að minsta kosti helstu blómjurtir íslenskar; væri mikil nauðsin á, að veita fé til að útbreiða þá bók og helst lika til að kenna að nota hana.

Mag. sc. Helgi Jónsson rannsakaði jurtagróður hér á landi og við laund í 3 ár og hefur samið ímsar ritgerðir um rannsóknir sínar (um gróðrarlag á Austurlandi á dönsku; um rauðþara, brúnþara, grænþara og blágræna þara, 3 ritgerðir á ensku í Botanisk Tidskrift;) eru í ritgerðum þessum margar mindir og fjölda margar níar upplísingar um þaragróður við strendur Íslands, eða réttara sagt, mestalt sem menn vita um þessa hlið af náttúru Íslands er rannsóknum Helga Jónssonar að þakka.

Cand. mag. Bjarni Sæmundsson, skólakennari hefur einnig snúið athigli sinni að lífinu í sjónum. Um fiskiveiðarannsóknir sínar hefur hann ritað á íslensku, en á dönsku ímislegt um dírafræði, einkum fiska, sem menn hafa ekki vitað áður að væru við Íslands strendur og um hveljudir nokkurskonar; hefur hann þar fundið margar tegundir sem ekki voru kunnar áður úr íslenskum sjó, og 1 tegund hefur hann fundið „nía“ (þ.e. ví sindamenn hafa ekki vitað af henni áður.)

Tvo menn verður enn að nefna, sem hafa látið sér ant um íslenska dírafræði; eru það þeir Þorsteinn Jónsson læknir i Vestmanna-eium og P. Nilsen verslunarstjóri á Eirarbakka; á náttúrugripasafnið báðum þessum mönnum mikið að þakka.

Helgi Pétursson.